

**Nd.**

**441. Breytingartillögur**

[154. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, og lög nr. 41/1977.

Frá fjármálaráðherra.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
  5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:
  - a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærslu-visitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærslu-visitölu 1. janúar ár hvert.
  - b. 0.6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
  - c. Framlag rikissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert.
  - d. Vextir af fé sjóðsins.
2. 2. gr., sem verði 3. gr., orðist svo:
  1. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1981, en 2. gr. öðlast þegar gildi.